

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Þingeyjarsveit  
Kjarna  
650 Laugar

Reykjavík 18. október 2018  
UST201809-201/A.B.  
10.04.03

### **Efni:** Deiliskipulag - Þingey og Skuldaþingey – Tillaga

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahrepps er barst 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Þingeyjar og Skuldaþingeyjar.

Í greinargerð kemur fram að Þingey sem er 550 ha og Skuldaþingey sem er 75 ha eru eyjar í Skjálfandafljóti. Einnig kemur fram að Þingey er flöt eyja og yfirborð hennar þurrt en nokkuð gróið, vaxið lyngi eini og harðgerðum jurtum. Tillagan gerir ráð fyrir aðkomusvæði, bílastæðum, gönguleiðum, minjasvæði, göngubrú, salernisbyggingu, borholu fyrir kalt vatn og rotþró.

### **Náttúruminjaskrá**

Eins og fram kemur í greinargerð er Þingey og nálægar eyjar í Skjálfandafljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvæði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótsheiðar við Þingey á náttúruminjaskrá. Verndargildið er fallegir fossar og gljúfur og gróðurrikar eyjar ásamt söguhelgi.

### **Úrgangur**

Umhverfisstofnun finnst ekki koma nógu skýrt fram í tillögunni hver verður meðhöndlun sorps sem fellur til á svæðinu. Umhverfisstofnun vill benda á landsáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir tímabilið 2013-2024 og lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í áætluninni eru sett fram tímasett markmið sem öll miða að því að bæta nýtingu auðlinda og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem myndun og meðhöndlun úrgangs hefur á umhverfið og heilsu manna.

## Fráveita

Umhverfisstofnun telur jákvætt að gert er ráð fyrir salerni á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og að mikilvægt er að sveitarfélagið gerir grein fyrir magni og innihaldi fráveitu, efnasamsetningu og ástandi viðtaka í skipulagsáætluninni.

Það er mat Umhverfisstofnunar að það sé mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig fráveitumál verða leyst á svæðinu, þar sem að jarðvegur er rýr á þeim stað sem salerni og fráveitumannvirki eru staðsett á uppdrætti.

## Rými frá ám


Umhverfisstofnun telur að bílastæði og byggingareitir vera of nálægt Fosselskvísl og Skuldapíngeyjarkvísl. Stofnunin telur að hægt væri að velja hentugir staðsetningu fyrir mannvirkin þá fjær ánni, til að umhverfi og landslagsheildin fái að njóta sín og til þess að upplifun ferðamannsins skerðist ekki.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram ám og vötnum svo að útivistargildi skerðist ekki. Stofnunin bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr.5.3.2.14., skipulag við vötn ár og sjó. „Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

## Aðkomuvegur og frágangur


Umhverfisstofnun tekur undir þær hugmyndir að láta allar byggingar falla vel að landinu og gróðurtorfur af staðnum nýttar í yfirborðsfrágang.

Umhverfisstofnun tekur undir þær hugmyndir að nýta núverandi slóða sem aðkomuveg.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur